

Skipulagsstofnun
Hólmfríður Bjarnadóttir
Laugavegi 166
150 REYKJAVÍK

Garðabær, 20. janúar 2017
2017010028/42-2

TB
jgo/tb

Tillaga að matsáætlun sjókvíaeldis Arnarlax í Ísafjarðardjúpi, framleiðsla á 10.000 tonnum af laxi á ári, umsögn


Vísað er til bréfs frá Skipulagsstofnun, dags. 3. janúar sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um tillögu að matsáætlun sjókvíaeldis Arnarlax í Ísafjarðardjúpi þar sem áætluð framleiðsla er 10.000 tonn af laxi á ári.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki athugasemdir við þá umhverfispætti sem tillagan leggur til að verði fjalla um í matinu. Stofnunin gerir ráð fyrir að þar verði ítarleg umfjöllun um erfðablöndun og sjúkdóma. Í matsáætluninni er í raun eingöngu gert ráð fyrir að nota einn ákveðinn stofn laxfiska, norskan kynbættan stofn, en Náttúrufræðistofnun telur að gera eigi grein fyrir öllum möguleikum í matinu og þeir bornir saman. Náttúrufræðistofnun telur að ljúka eigi við burðarþolsmat bæði fyrir Ísafjarðardjúpi og einstök svæði áður en endanleg matsskýrsla er lögð fram. Í frummatsskýrslu þarf að gera ítarlega grein fyrir rannsóknum og vöktun. Hvað varðar erfðablöndun og sjúkdóma þarf að samræma vöktun, eftirlit og rannsóknir á landsvísu. Í matsáætluninni kemur fram hvaða áhrif þarf að fjalla um og þar er oft bent á fleiri rekstraraðila t.d. vegna skörunar við bæði laxeldi og aðrar nytjar. Að mati Náttúrufræðistofnunar þarf að taka á samlegðaráhrifum alls fiskeldis sem fyrirhuguð eru í Ísafjarðardjúpi með samræmdum hætti. Í frummatsskýrslu mun væntanlega koma fram gæði þeirra gagna sem lögð verða fram og er því ekki fjallað um það hér.

Virðingarfyllst



Jón Gunnar Ottósson
forstjóri



Trausti Baldursson

